Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Jakobssynir ehf.

Glaðheimum 26
104 Reykjavík

Kópavogi, 20. apríl 2021
2011091/510.03 BÓK

Vatnsendablettur 1b. Breytt deili- og aðalskipulag.

Á fundi skipulagsráðs 29. mars 20021 var lagt fram erindi Jakobssona ehf. dags. 3. nóvember 2020 þar sem óskað er eftir breytingu á landnotkun Vatnsendabletts 1b sem er 7.088 m2 að flatarmáli. Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs er landið skilgreint sem opið óbyggt svæði en óskað er eftir að Kópavogsbær samþykki að breyta landnotkun á svæðinu þannig að þar verði heimilt að byggja 7 íbúðarhús. Þá lagt fram minnisblað lögfræðideildar dags. 25. mars 2021.

Skipulagsráð hafnar erindinu. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Á fundi bæjarstjórnar 13. apríl 2021 var afgreiðsla skipulagsráðs staðfest.

Vakin er athygli á málskotsrétti samanber 10. kafla skipulagslaga nr. 123/2010 og lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 en þar kemur fram að stjórnvaldsákvarðanir má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Þeir einir geta kært stjórnvaldsákvarðanir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem kæra á. Kærufrestur er einn mánuður frá því erindi þetta berst.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsfulltrúa
Berglind Kjartansd.
Berglind Ósk Kjartansdóttir
Ritari skipulagsdeildar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.11.2026